

**Nd. 701. Frumvarp til laga [288. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jónas Árnason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eyrarsveit jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Hreppsnefnd Eyrarsveitar á Snæfellsnesi hefur farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Eyrarsveit geti átt kost á að kaupa jörðina Hrafnkelsstaði.

Jörð þessi er húsalaus og hefur lengi verið í eyði. Hún er sveitarfélaginu verðmæt, m. a. að því leyti, að þarna fæst gott byggingarefni, sem mikil þörf er fyrir í vaxandi kauptúni á borð við Grundarfjörð. Telur hreppsnefndin því æskilegt, að sveitarfélagið eignist jörðina og hafi umráð yfir henni.